

Aðalfundur Félags skógareigenda á Suðurlandi 2020, haldinn fimmtudaginn 11.júní að Reykjum í Ölfusi

Formaður félagsins, María E. Ingvadóttir setti 29. aðalfund Félags skógareigenda á Suðurlandi l 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Embættismenn fundarins voru María E. Ingvadóttir, sem stjórnaði fundi og Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir sem ritaði fundargerð.
2. Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2019-2020 og er hún hér skráð orðrétt:

Á starfsárinu voru haldnir 6 stjórnarfundir, en eins og áður, eru fundargerðir á heimasíðunni okkar, skogarbondi.is, ásamt frásögnum af félagsfundum.

Starfsárið hófst á Jónsmessu, að þessu sinni var efnt til fjölbreyttari fjölskylduhátíðar, skógarhátíðar, á Snæfoksstöðum í samstarfi við Skógræktarfélag Árnesinga.

Ýmis skemmtan var í boði. Svo að eitthvað sé nefnt, leiðbeindi Ólafur Oddsson við tálgun í tré, Magnús á Flúðum sýndi tálguðu munina sína og fuglarnir hans Úlla á Selfossi voru á sínum stað. Farið var í leiki, Hrönn bauð upp á lummur og kaffi, kvenfélagskonur seldu kökur, farið í skoðunarferðir um skóginn og svo auðvitað grillað. Þátttaka var góð og dagurinn ánægjulegur.

Ákveðið var að brydda upp á þeirri nýjung að halda félagsfund í Guðmundarlundi í Kópavogi, þann 9. nóvember. Félagsmenn áttu ekki erindi í kaupstaðinn þann daginn, mæting var dræm, en fundurinn mjög skemmtilegur. Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir, dóttir Guðmundar H. Jónssonar, sem hóf skógrækt á þessu svæði um 1970, rakti sögu Guðmundarlundar og deildi með okkur skemmtilegum minningum sínum um gróðursetningarferðir í Guðmundarlund. Skógræktarfélag Kópavogs fékk Guðmundarlund að gjöf 1997, frá Guðmundi H. Jónssyni og fjölskyldu hans og hefur haldið áfram myndarlegri uppbyggingu þar.

Á síðasta aðalfundi félagsins, sagði ég frá áhuga okkar á að stofna til leshringa, með svipuðu sniði og Kraftmeiri skóga leshringirnir voru. Ætlunin var að vinna þetta með skógræktarfélögum á hverju svæði. Jú, þar var áhugi, en það var okkar að leiða þetta starf og skipuleggja og það gafst ekki alveg tími í það. Hugmyndin er hins vegar áhugaverð og gaman ef næðist samstarf um þetta verkefni.

Þann 6. mars var boðið í heimsókn í verksmiðjuna Límtré Vírnet á Flúðum. Það var vel mætt og mjög áhugavert að sjá og heyra um starfsemina þar. Þeir eru allir af vilja gerðir til að vinna með okkur skógarbændum og eru að gera tilraunir með að vinna límtrésbíta úr nokkrum íslenskum trjátegundum. Síðan var haldið í Efra-Sel og málin rædd og snæddur kvöldverður. Þar kynnti Bjarnheiður, ritari félagsins, skoðanakönnun, sem send yrði félagsmönnum, en við höfðum áhuga á að vita, hvað félagsmönnum þætti um félagsstarfið og hvað mætti gera öðruvísi eða betur fara. Bjarnheiður mun kynna niðurstöður hér á eftir. Í mars á síðasta ári var send inn

umsögn til umhverfis- og auðlindaráðuneytis, vegna breytinga á lögum um náttúruvernd og í janúar síðastliðnum, umsögn um Landsáætlun í skógrækt.

Haldinn var fundur á Selfossi, í fyrradag, þar sem rædd var staða afurðaverkefnisins okkar og næstu skref rædd. Fyrir þau ykkar sem ekki voru þar, var farið yfir gang mála. Eins og áður hefur komið fram, er vinnsla grisjunarviðar varla nógu umfangsmikil til að byrja með, til að starfa ein og sér, en mjög álitleg með annarri starfsemi. Þess vegna var það skoðað að kaupa Garðyrkjustöðina Kvista, sem er önnur af stærstu plöntuframleiðendum landsins. Þetta er vel rekin stöð og myndarlega og faglega staðið að trjáplöntu framleiðslunni. Þar eru góðir möguleikar á að koma upp aðstöðu til að kurla og hefja aðra vinnslu úr afurðum skóganna á Suðurlandi. Tveir góðir fjárfestar ætluðu að koma að því að bjóða í Kvista, en einnig var reiknað með að skógarbændur tækju þátt í að fjármagna verkefnið. Þessir fjárfestar hættu við, vegna breyttra forsendna. Þannig að nú er leitað nýrra og þá einnig horft til skógarbænda.

Eigendur Kvista hafa ákveðið að, ef stöðin ekki selst, munu þeir loka Kvistum, hætta starfsemi, þegar afhentar hafa verið þær plöntur, sem samið hefur verið um. Það er auðvitað afleit staða og áhyggjuefni, þegar markmiðið er að efla skógrækt í landinu og þar með framleiðsluna.

Næsta skref hjá okkur, undirbúningsnefndinni, er að funda með eigendum Kvista, sá fundur er í fyrramálið.

Vonandi verður fljótlega boðað til nýs fundar með skógarbændum, um þetta verkefni.

Annað sem ég vildi nefna, er sú staða sem upp er komin hjá Garðyrkjuskólanum hér á Reykjum. Framleiðendur skógarplantna eru flestir garðyrkjufræðingar. Skólinn hefur verið rekinn myndarlega og faglega, þrátt fyrir mismikinn skilning þeirra sem fara með yfirstjórn skólans. Ég veit ekki hvernig best er að verja starfsemi skólans og faglega uppbyggingu, en eitthvað þarf að gera. Þessi skóli þarf að fá byr í vængina.

Ég hef verið formaður félagsins í 10 ár og kominn tími til að nýtt fólk taki við. Þessi ár hafa verið ánægjuleg. Mitt markmið var að vinna að því að gera félagið enn öflugra, félag sem stæði vörð um hagsmuni skógarbænda, miðlaði fróðleik og upplýsingum sem kæmu skógræktendum að gagni. Ég get ekki metið árangurinn, en held þó að eitthvað hafi þokast í rétta átt. Með mér hefur starfað öflugt og gott fólk, öll þessi ár og færi ég þeim góðar þakkir fyrir, bæði fyrir samstarfið, en einnig fyrir góðan vinarhug.

Nýrri stjórn óska ég velfarnaðar og veit að verkefnið verða margvísleg.  
María E. Ingvadóttir

3. Gjaldkeri, Októ Einarsson, kynnti ársreikning félagsins fyrir 2019. Leitað var eftir athugasemdum við skýrslu formanns og ársreikning. Skýrslan og ársreikningur voru samþykkt samhljóða.
4. Kosning stjórnar, skoðunarmanna og fulltrúa FsS í LSE.

Kosið er í aðalstjórn til þriggja ára í senn, en í varastjórn til eins árs. Á síðasta ári var stjórnin þannig skipuð: formaður María E. Ingvadóttir; ritari Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir; gjaldkeri Októ Einarsson. Hrönn Guðmundsdóttir og Sigurður Karl Sigurkarlsson voru kjörin meðstjórnendur á ársfundi FsS 2019, en Hannes Lentz og Sigríður Jóna Sigurfinnsdóttir voru kjörin í varastjórn. Hrönn óskaði eftir því að skipta um sæti við Hannes og var það fyrirkomulag haft út árið.

María hefur verið formaður í áratug og gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Bjarnheiður hefur verið gjaldkeri í 2 ár og ritari í 1 ár og gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Októ hefur verið meðstjórnandi í eitt ár og gjaldkeri í eitt ár, hann gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Hannes Lentz og Sigurður Karl Sigurkarlsson gáfu ekki kost á sér til endurkjörs.

Skoðunarmenn reikninga hafa um árabíl verið Ragnar G. Ingimarsson og Halldór Elís Guðnason. Þeir gáfu kost á sér áfram og voru samhljóða endurkjörnir.

Björn Bjarndal Jónsson hefur verið fulltrúi FsS í stjórn LSE. Hann gefur kost á sér áfram og var það einróma samþykkt.

Björn Bjarndal Jónsson bauð sig fram í embætti formanns og var kjörinn einróma.

Eftirtaldir buðu sig fram í aðalstjórn: Hrönn Guðmundsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigríður Jóna Sigurfinnsdóttir og Sólveig Pálsdóttir. Agnes Geirdal, Rafn A. Sigurðsson og Þórarinn Þorfinnsson samþykktu framboð í varastjórn. Bæði aðal- og varastjórn var samhljóða kjörin.

Að kosningum loknum fór Björn í pontu og þakkaði fyrir traustið sem fundarmenn sýndu nýrri stjórn með einróma kjöri og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf.

5. Árgjald var kr. 10.000 á síðasta ári. Af því fóru kr. 6.500 til Landssamtakanna. Samþykkt var að árgjald yrði áfram 10.000 kr.

Önnur mál.

- Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir sagði frá viðhorfskönnun sem gerð var meðal félagsmanna FsS. Könnunin var prufukeyrð á félagsfundi sem haldinn var á Efra- Seli í Hrunamannahreppi 6. mars 2020. Niðurstaðan lofaði góðu og ákveðið var að senda könnunina rafrænt til allra skráðra félaga í FsS. Þrátt fyrir ítrekanir náðist aðeins 21% svarhlutfall, svo niðurstöður könnunarinnar eru ómarktækar. Svörin sem bárust verða kynnt nýrri stjórn, en öll svör eru órekjanleg.
- Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri, LSE fjallaði um það helsta sem er á döfinni á þeim vettvangi. Hann kynnti stjórn LSE en í henni eiga sæti fulltrúar allra fimm aðildarféлага samtakanna. Stjórnina skipa: Jóhann Gísli Jóhannsson, FsA, formaður; Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir, FsN, varaformaður; Guðmundur Rúnar Vífilsson, FsV, gjaldkeri; Björn Bjarndal Jónsson, FsS, ritari; og Naomi Bos, FsVfj,

meðstjórnandi. Hlynur fjallaði um vefsíðu samtakanna <http://skogarbondi.is/>. Það þarf að efla ýmsa þætti á henni og er uppfærsla síðunnar í vinnslu. Köngull er þáttur LSE í Hlaðvarpi Bændasamtakanna. Erindinu Slagur út í loftið var útvarpað 23. desember 2019 (<https://podtail.com/en/podcast/hla-an-hla-varp-baendabla-sins/kongull-thattur-landssamtaka-skogareigenda-1-slagu/>). Unnið er að gerð vefsins <http://skogartolur.is/> og stefnan er að skógarbændur fái aðgang að síðunni.

Hlynur sagði frá útgáfu á skógartengdu efni. Hann sagði að vel gengi að fá birt efni í Bændablaðinu og skógartengt efni sem þar birtist er gefið út í sérritinu Skógareigendur sem er sent til allra félagsmanna LSE. Hann benti einnig á gagnlegt efni og skýrslur á vef Skógræktarinnar <https://www.skogur.is/>.

Hlynur sagði fjárhagsstöðu LSE vera góða. Hann sagði frá eftirfarandi atburðum sem nú eru frammundan hjá LSE: Skógargöngur aðildafélaga, FsS er með skógargöngu að Núpum í Ölfusi 21. júní kl 19; Fagráðstefna skógræktar verður haldin 14. október 2020; Hópfærð verður farin á sýninguna Elmia skógarsýningin í Smálöndunum í Svíþjóð hefst 18. maí 2021; Landbúnaðarsýning 8. okt. 2021.

Að lokum hvatti Hlynur skógarbændur til að vera duglega að minna á sig og upplýsa þingmenn um skógrækt og þarfir greinarinna.

- Hannes Lentz spurði fundinn hvaða áhrif það hefði á stöðu skógræktar, ef Kvistir hætta trjáplöntuframleiðslu næsta haust eins og fyrirhugað er. María svaraði því að ekkert væri fast í hendi sem gæti fyllt það skarð. Bjarnheiður spurði hvort innflutningur á trjáplöntum kæmi til greina. María svaraði að það væri óvíst. María sagði að enn væri unnið að því af fullum krafti að finna fjárfesta fyrir Kvista.
- María spurði Hlyn hvernig útreikningum á kolefnisbindingu í skógi verði háttað. Hann sagði að mælingar á bindingu skóga yrðu gerðar með úttekt á skógi.
- Sigurður Jónsson kvað sér hljóðs. Hann óskaði félaginu til hamingju með nýju stjórnina og sagði síðan frá því að hann hefði keypt sér öflugan kurlara. Hann býður fram kurl og þjónustu við kurlun.
- Björn Bjarndal Jónson ítrekaði þakkir sínar fyrir það traust sem honum var sýnt með kosningu og til fráfarandi stjórnar fyrir unnin störf. Hann sagðist vona að unnt yrði að endurtaka viðhorfskönnunina sem kynnt var á félagsfundi 6. mars s.l. Hann minntist á fækkun félagsmanna og lagði áherslu á mikilvægi þess að snúa þeirri þróun við.
- Bjarnheiður þakkaði meðstjórnendum fyrir gefandi samstarf. Hún þakkaði síðan Maríu f.h. meðstjórnenda fyrir óeigingjarna og mikla vinnu í þágu eflingar skógræktar og hagsmunagæslu fyrir skógarbændur. Þessum þökkum fylgdi blómvöndur og boð um málsverð á veitingastað.

Dagskránni lauk um kl 18:30. Fundarmenn voru 35.

Fundargerð ritaði Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir